

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 1601/91**frá 10. júní 1991****um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eins og stendur eru engar sérstakar reglur í gildi í bandalaginu um kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum, sem nefnast hér eftir „kryddblandaðir drykkir“, einkum með tilliti til skilgreiningar á þeim og kröfur um lýsingu þeirra og kynningu. Nauðsynlegt er að setja sameiginleg ákvæði um þetta efni vegna efnahagslegs mikilvægis þessara drykkja og til að auðvelda starfsemi hins sameiginlega markaðar.

Með framleiðslu kryddblandaðra drykkja fæst mikilsverður markaður fyrir landbúnað í bandalaginu. Markaðurinn er ekki síst tilkominn vegna hins góða orðstírs sem hefur farið af þessum drykkjum í bandalaginu og á heimsmarkaði. Orðstír þennan má einkum þakka gæðum þessara drykkja. Af þeim sökum er nauðsynlegt að viðhalda gæðum þeirra til þess að markaðurinn haldist. Eðlilegast er að viðhalda þessum gæðastaðli með því að skilgreina drykkina með hliðsjón af þeim hefðum sem orðstír þeirra byggist á. Slíka skilgreiningu ætti enn fremur einungis að nota um drykki af sama gæðaflokki og hefðbundnu drykkirnir til þess að koma í veg fyrir að gildi þeirra sé rýrt.

Setja ætti ramma um kryddblandaða drykki sem eru gerðir að mestum hluta úr víni eða safa, þó þannig að unnt sé að

þróa slíka drykki og kynna nýja. Auðveldara er að ná þessu markmiði með því að flokka þessa drykki í þrjá flokka er grundvallast á vinnandainnihaldi, alkóhólstyrkleika og hvort vinnanda hefur verið bætt við þá.

Reglur bandalagsins ættu að kveða á um að einungis megi nota landfræðilegar sérmerkingar sem vísa til ákveðinna svæða og landa ef fullunnin varan hefur fengið einkenni sín og sérstaka eiginleika á umræddu landsvæði.

Yfirleitt fær neytandinn upplýsingar á merkimiðanum. Fjallað er um merkingu á kryddblandaðum drykkjum í almennum reglum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/395/EBE ⁽⁵⁾. Vegna eðlis þessara drykkja ætti að samþykkja viðbótarákvæði við þessar almennu reglur til þess að neytandinn fái greinarbetri upplýsingar.

Orðstír tiltekinna kryddblandaðra drykkja er nátengdur hefðbundnum uppruna þeirra í huga neytandans. Til þess að tryggja að neytandinn fái réttar upplýsingar, og að tekið sé tillit til þessara sérstöku tilvika, er rétt að gera það að skyldu að uppruna sé getið ef um er að ræða drykki sem koma ekki frá hefðbundnum framleiðslusvæðum.

Samþykkja ætti reglur um merkingu varðandi tegund vinnanda sem er notaður til að unnt sé að veita réttar upplýsingar um samsetningu drykkjarins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 269, 25. 10. 1986, bls. 15.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 127, 14. 5. 1984, bls. 185 og Stjttíð. EB nr. C 129, 20. 5. 1991.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 124, 9. 5. 1983, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 186, 30. 6. 1989, bls. 17.

Í tilskipun ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 891/858/EBE ⁽²⁾, og tilskipun ráðsins 80/777/EBE frá 15. júlí 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 85/7/EBE ⁽⁴⁾, er mælt fyrir um einkenni vatns sem heimilt er að nota í matvælum. Vísu átti til þeirra.

Í tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ⁽⁵⁾ koma fram ýmsar skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í tengslum við bragðefni. Nota ber sömu fagorð í þessari reglugerð.

Samþykka ber sérstök ákvæði varðandi lýsingu og kynningu á innfluttum kryddblanduðum drykkjum með hliðsjón af skuldbindingum bandalagsins í þessum efnum við þriðju lönd.

Þessar sömu reglur ættu einnig að gilda um útfluttar vörur til þess að vernda orðstír kryddblandaðra drykkja frá bandalaginu á heimsmarkaði með hefðir og venjur í huga, þó ekki ef fyrir hendi eru andstæð ákvæði.

Æskilegra er að tryggja samræmda og samstíga framkvæmd umræddra ráðstafana með reglugerð.

Til þess að einfalda og flýta fyrir framkvæmdinni átti að fela framkvæmdastjórninni að gera þær ráðstafanir sem eru tæknilegs eðlis. Auk þess átti í þessu skyni að kveða á um tilhögun sem gerir aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni kleift að hafa náið samstarf í framkvæmdanefnd.

Bráðabirgðaráðstafanir eru nauðsynlegar til að auðvelda breytingu yfir í það kerfi sem sett er fram í þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í þessari reglugerð eru almennar reglur um skilgreiningu,

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 11.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 319, 7. 11. 1981, bls. 19.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 2, 3. 1. 1985, bls. 22.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 184, 15. 7. 1988, bls. 61.

lýsingu og kynningu á kryddvínunum, drykkjum blönduðum með kryddvínunum og hanastélum blönduðum með kryddvínunum.

2. gr.

1. Að því er þessa reglugerð varðar merkir:

a) kryddvín:

drykk:

- sem fengist hefur úr vínunum sem skilgreind eru í 12. – 18. tölul. I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 822/87 ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1325/90 ⁽⁷⁾, að frátöldum „retsina“-borðvínunum, einnig er þrúgusafa stundum bætt við, þrúgusafa í gerjun og/eða nýjum þrúgusafa þar sem gerjun hefur verið stöðvuð með því að bæta vínanda í, samkvæmt skilgreiningu löggjafar bandalagsins,
- sem vínanda hefur verið bætt í samkvæmt skilgreiningu d-liðar 3. gr., og
- sem hefur verið bragðbættur með:
 - náttúrlegum bragðgefandi efnunum og/eða náttúrlegum bragðefnablöndum samkvæmt skilgreiningu í i-lið b-liðar og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE. Með fyrirvara um strangari ákvæði í 2. mgr. er heimilt að nota efni og blöndur jafngildar náttúrlegum efnunum og blöndum samkvæmt skilgreiningu ii-liðar í b-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar í ákveðnum tilvikum og með sérstökum skilyrðum, í samræmi við reglur 14. gr., og/eða
 - bragðgefandi jurtum og/eða kryddi og/eða bragðgefandi matvælum,
- sem sætuefnum er að öðru jöfnu bætt í og, með fyrirvara um undantekningar sem kveðið er á um í 2. mgr., hugsanlega einnig litadur með karamellu,
- sem hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika að lágmarki 14,5% miðað við rúmmál og raunverulegan alkóhólstyrkleika að hámarki 22% miðað við rúmmál og heildaralkóhólstyrkleika að lágmarki 17,5% miðað við rúmmál; þó skal heildaralkóhólstyrkleiki vara sem, samkvæmt 5. mgr., er lýst sem „þurrum“ eða „mjög þurrum“ vera að lágmarki 16% og 15% miðað við rúmmál.

Vín sem er notað við blöndun kryddvína skal fyrir blöndun vera að minnsta kosti 75% af fullunninni vörnunni. Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. skal náttúrlegur alkóhólstyrkleiki vara sem nota skal vera að lágmarki í samræmi við það sem kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 132, 23. 5. 1990, bls. 19.

Heimilt er að láta lýsinguna „fordrykkur blandaður með víni“ koma í staðinn fyrir „kryddvín“. Hugtakið „fordrykkur“ í þessu samhengi er með fyrirvara um notkun hugtaksins við skilgreiningu vara sem heyra ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar;

b) drykkur blandaður með kryddvínunum:

drykk

— sem fengist hefur úr vínunum sem eru skilgreind í 11. – 13. tölul. og 15. – 18. tölul. I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 822/87, að frátöldum vínunum sem eru framleidd með því að bæta vínanda í og „retsina“-borðvíni í þau og hugsanlega einnig þrúgusafa og/eða þrúgusafa sem er gerjaður að hluta,

— sem hefur verið bragðbættur með:

— náttúrlegum bragðgefandi efnunum og/eða náttúrlegum bragðefnablöndum samkvæmt skilgreiningu í i- og ii-lið b-liðar og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE; heimilt er að nota tilbúin efni samkvæmt skilgreiningu iii-liðar í b-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar í ákveðnum tilvikum og með sérstökum skilyrðum, í samræmi við reglur 14. gr., og/eða

— bragðgefandi jurtum og/eða kryddi og/eða bragðgefandi matvælum,

— sem sætuefnum hefur hugsanlega verið bætt í,

— sem vínanda hefur ekki verið bætt í, með fyrirvara um undantekningar sem um getur í skilgreiningu vörunnar í þessari reglugerð eða ákveðnar hafa verið í samræmi við reglur 14. gr.,

— sem hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika að lágmarki 7% miðað við rúmmál og að hámarki 14,5% miðað við rúmmál.

Vín sem er notað við blöndun drykkja sem eru blandaðir með kryddvínunum skal fyrir blöndun vera að minnsta kosti 50% af fullunninni vörunni. Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. skal náttúrlegur alkóhólstyrkleiki vara sem nota skal vera að lágmarki í samræmi við það sem kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87;

c) hanastél blönduð með kryddvínunum:

drykk

— sem fengist hefur úr víni og/eða þrúgusafa:

— sem hefur verið bragðbættur með:

— náttúrlegum bragðgefandi efnunum og/eða náttúrlegum bragðefnablöndum samkvæmt skilgreiningu í i- og ii-lið b-liðar og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE; heimilt er að nota tilbúin efni samkvæmt skilgreiningu iii-liðar í

b-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar í ákveðnum tilvikum og með sérstökum skilyrðum, í samræmi við reglur 14. gr., og/eða

— bragðgefandi jurtum og/eða kryddi og/eða bragðgefandi matvælum,

— sem sætu- og litarefnum hefur hugsanlega verið bætt í,

— sem vínanda hefur ekki verið bætt í,

— sem hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika að hámarki 7% miðað við rúmmál.

Vín og/eða þrúgusafi sem er notað við blöndun hanastéla sem eru blönduð með kryddvínunum skal fyrir blöndun vera að minnsta kosti 50% af fullunninni vörunni. Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. skal náttúrlegur alkóhólstyrkleiki vara sem nota skal vera að lágmarki í samræmi við það sem kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.

Heimilt er að ákveða sérstakar lýsingar í samræmi við reglur 13. gr.

Hugtakið „hanastél“ í þessu samhengi er með fyrirvara um notkun hugtaksins við skilgreiningu vara sem heyra ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.

2. Skilgreiningar ýmissa flokka kryddvína, en lýsing þeirra má koma í stað heitisins „kryddvín“:

a) *Vermouth*:

Kryddvín búið til úr víni sem um getur í a-lið 1. mgr., einkennandi bragð þess fæst með því að nota viðeigandi afleidd efni, einkum af tegundinni *Artemisia*, sem ætíð verður að nota; einungis er heimilt að sæta þennan drykk með karamellusykri, súkrósa, þrúgusafa, hreinsuðu þrúgusafaykkni og þrúgusafaykkni.

b) *Beisk kryddvín*:

Kryddvín með sérkennandi beiskt bragð. Á eftir lýsingu „beiskt kryddvín“ skal koma heiti efnisins sem gefur mest af beiska bragðinu, samanber þó 3. mgr. 8. gr.

Heimilt er að nota eftirtalin heiti, eða önnur sambærileg á öðrum opinberum tungumálum bandalagsins, til viðbótar eða í stað þessara heita:

— „vín úr kínaberki“, í því er aðalbragðefnið náttúrlegt kínínbragð,

— „Bitter vino“, í drykknum er aðalbragðefnið náttúrlegt bragð af maríuvendi og hefur hann verið litaður með leyfilegum gulum og/eða rauðum litarefnum; hugtakið „bitter“ í þessu samhengi er með fyrirvara um notkun hugtaksins við skilgreiningu vara sem heyra ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar,

- „Americano“, ef bragðið í drykknum fæst fyrir tilstuðlan náttúrlegra bragðgefandi efna sem fást úr malurt og maríuvendi og hefur hann verið litaður með leyfilegum gulum og/eða rauðum litarefnum.

c) *kryddvín blandað með eggjum*:

Kryddvín sem hefur verið blandað með fyrsta flokks eggjarauðu eða efnum fengnum úr henni og hefur 200 g lágmarkssykurmagn í formi invertsykurs og 10 g lágmarkseggjarauðumagn á hvern lítra fullunninnar vöru.

Heimilt er að nota hugtakið „cremovo“ með hugtakinu „kryddvín blandað með eggjum“ ef hlutfall Marsala víns er að minnsta kosti 80% af víninu.

Heimilt er að nota hugtakið „cremovo zabaione“ með hugtakinu „kryddvín blandað með eggjum“ ef hlutfall Marsala-víns er að minnsta kosti 80% af víninu og það inniheldur að minnsta kosti 60 g af eggjarauðu á hvern lítra.

3. Skilgreiningar á ýmsum flokkum drykkja blönduðum með kryddvínunum, en lýsing þeirra má:

- koma í stað lýsingarinnar „drykkur blandaður með kryddvínunum“ í aðildarríkjunum þar sem framleiðsla fer fram,
- koma til viðbótar „drykkur blandaður með kryddvínunum“ í öðrum aðildarríkjunum:

a) *Sangria*:

Drykkur úr víni, bragðbættur með viðbót af náttúrlegum kjarna eða krafti úr sítrusávöxtum, með eða án safu slíkra ávaxta, og hugsanlega einnig kryddi, og sem sætuefninu koldíoxíði (CO₂) hefur verið bætt í, með alkóhólstyrkleika undir 12% miðað við rúmmál.

Í drykknum mega vera agnir úr aldinkjöti sítrusávaxtarins eða berki hans og verður liturinn að koma einungis úr hráefnunum sem eru notuð.

Heitinu „Sangria“ verður að fylgja orðin „framleitt í ...“ ásamt heiti framleiðsluríkisins eða smærra svæðis nema ef varan er framleidd á Spáni eða í Portúgal.

Heitið „Sangria“ má aðeins koma í stað heitisins „drykkur blandaður með kryddvínunum“ ef drykkurinn er framleiddur á Spáni eða í Portúgal.

b) *Clarea*:

Drykkur sem fæst úr hvítvíni með sömu skilyrðum og fram koma í a-lið.

Heitinu „Clarea“ verða að fylgja orðin „framleitt í ...“ ásamt heiti framleiðsluríkisins eða smærra

svæðis nema ef varan er framleidd á Spáni.

Heitið „Clarea“ má aðeins koma í stað heitisins „drykkur blandaður með kryddvínunum“ ef drykkurinn er framleiddur á Spáni.

c) *Zurra*:

Drykkur sem fæst með því að bæta *brandy* eða brenndu víni samkvæmt skilgreiningu reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 ⁽¹⁾ við drykki sem skilgreindir eru í a- og b-liðum, hugsanlega einnig með ávaxta-bitum. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki skal vera að lágmarki 9% og minni en 14% miðað við rúmmál.

d) *Bitter soda*:

Kryddblandaður drykkur fenginn úr *bitter vino* sem verður að vera að minnsta kosti 50% af rúmmáli fullunninnar vörunnar, sem koldíoxíði (CO₂) hefur verið bætt við eða kolsýrðu vatni og hugsanlega einnig sömu litarefnum og í *bitter vino*. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki skal vera að lágmarki 8% og minni en 10,5% miðað við rúmmál. Orðið „bitter“ í þessu sambengi er með fyrirvara um notkun hugtaksins við skilgreiningu vara sem heyra ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.

e) *Kalte Ente*:

Drykkur blandaður með kryddvínunum fenginn með því að blanda víni, hálfreyðandi víni eða hálfreyðandi víni sem koldíoxíði (CO₂) hefur verið bætt í við freyðivín eða freyðivín sem koldíoxíði (CO₂) hefur verið bætt í, og einnig náttúrlegu sítrónuefni eða kjarna úr því, en það bragð verður að vera ríkjandi. Fullunnin varan verður að innihalda að lágmarki 25% af freyðivíni eða freyðivíni sem koldíoxíði (CO₂) hefur verið bætt í.

f) *Glühwein*:

Kryddblandaður drykkur sem fæst einungis úr rauðvíni eða hvítvíni og sykri, einkum bragðbættur með kanel eða negul. Ef hann hefur verið framleiddur úr hvítvíni skal bæta við heitið „Glühwein“ orðinu „hvítvín“.

g) *Maiwein*:

Kryddblandaður drykkur sem fæst úr víni sem jurtinni *asperula odorata* eða kjarna úr henni hefur verið bætt í þannig að bragð af *asperula odorata* verði ríkjandi.

h) *Maitrank*:

Kryddblandaður drykkur sem fæst úr þurru hvítvíni sem *asperula odorata* hefur verið leyst upp í eða kjarna úr *asperula odorata* bætt í, auk appel-

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 160, 12. 6. 1989. bls. 1.

sína og/eða annarra ávaxta, hugsanlega sem safu, þykkni eða kjarna, þar sem sykurinnihald er að hámarki 5%.

i) *Aðrar skilgreiningar:*

Samþykkja skal aðrar skilgreiningar í samræmi við reglur 13. gr.

4. Skilgreiningar flokka hanastéla blandaðra með kryddvínnum, en lýsing þeirra má:

— koma í stað lýsingarinnar „hanastél blönduð með kryddvínnum“ í framleiðsluríkinnu,

— koma til viðbótar „hanastél blönduð með kryddvínnum“ í öðrum aðildarríkjum;

a) *Hanastél úr víni:*

kryddblandaður drykkur:

— í honum er hlutfall þrúgusafaykkni ekki meira en 10% af heildarrúmmáli fullunninnar vöru,

— í honum er sykurmagn, í formi invertsýkurs, minna en 80 g á hvern lítra.

b) *Kryddblandað, hálfreyðandi hanastél úr þrúgum:* drykkur:

— sem er einungis framleiddur úr þrúgusafa,

— sem hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika minni en 4% miðað við rúmmál,

— sem inniheldur koldíoxíð sem hefur einungis fengist með gerjun þeirra vara sem eru notaðar.

c) *Aðrar skilgreiningar:*

Nota skal aðrar skilgreiningar í samræmi við reglur 13. gr.

5. Lýsingunum sem um getur í a- og b-liðum 1. mgr., 2. og 3. mgr. geta einnig fylgt eftirtaldir upplýsingar, þar sem sykurinnihald sem greint er frá í hverjum undirlið er í formi invertsýkurs:

a) „mjög þurr“: ef um er að ræða vörur sem hafa sykurinnihald minna en 80 g á hvern lítra;

b) „þurr“: ef um er að ræða vörur sem hafa sykurinnihald minna en 50 g á hvern lítra;

c) „hálfþurr“: ef um er að ræða vörur sem hafa sykurinnihald milli 50 og 90 g á hvern lítra;

d) „hálfsett“: ef um er að ræða vörur sem hafa sykurinnihald milli 90 og 130 g á hvern lítra;

e) „sett“: ef um er að ræða vörur sem hafa sykurinnihald meira en 130 g á hvern lítra.

Heimilt er setja upplýsingar um sykurinnihald, í formi invertsýkurs á hvern lítra, í stað hugtakanna „hálfsett“ og „sett“.

6. Ef fram kemur í sölu lýsingu kryddblandaðs drykkjar úr víni hugtakið „freyðandi“ verður magn freyðivíns að vera að minnsta kosti 95%.

7. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við reglur sem eru settar í 14. gr.

3. gr.

Viðbótarskilgreiningar

Að því er þessa reglugerð varðar er merking eftirtaldrar hugtaka sem hér segir:

a) *sætuefnum bætt í:*

notuð er ein eða fleiri af eftirtöldum afurðum við framleiðslu kryddvína, drykkja blandaðra með kryddvínnum og hanastéla blandaðra með kryddvínnum:

hálfunninn sykur, hvítskykur, hreinsaður hvítskykur, dextrósi, frúktósi, glúkósasíróp, fljótandi sykur, fljótandi invertsýkur, invertsíróp, hreinsað þrúgusafaykkni, þrúgusafaykkni, nýr þrúgusafi, brenndur sykur, hunang, sætur sírópsskálpur, eða aðrar náttúrlegar sykrur sem hafa svipuð áhrif og áður nefndar afurðir.

Með „brenndum sykri“ er átt við afurð sem er eingöngu fengin með stýrðri hitun súkrósa án basa, ólífræna sýra eða annarra efnafræðilegra aukefna;

b) *bragðefnum bætt í:*

við framleiðslu kryddvína, drykkja blandaðra með kryddvínnum og hanastéla blandaðra með kryddvínnum er notað eitt eða fleiri bragðefni sem eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 88/388/EBE og/eða kryddjurtir og/eða krydd og/eða bragðgefandi matvæli;

Með því að bæta þessum efnum við fær fullunna varan önnur skynmatseinkenni en vínið;

c) *litarefnum bætt í:*

eitt eða fleiri litarefni eru notuð við framleiðslu kryddvína eða hanastéla blandaðra með kryddvínnum;

d) *vínanda bætt í:*

ein eða fleiri eftirtalinnar afurða eru notaðar við framleiðslu kryddvína og, eftir því sem við á, drykkja blandaðra með kryddvínnum:

— etanól úr vínryrkju,

— vínalkóhól eða alkóhól úr þurrkuðum þrúgum,

— etanól úr landbúnaði,

— víneimi eða eimi úr þurrkuðum þrúgum,

— eimi úr landbúnaði,

— brennt vín eða þrúguhratsbrennivín,

— brennivín úr þurrkuðum þrúgum,

þessar afurðir skulu hafa þau einkenni sem mælt er fyrir um í ákvæðum bandalagsins; einkum verða einkenni etanóls að vera í samræmi við I. viðauka;

- e) raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál:
fjöldi rúmmálseininga hreins vínanda við 20°C í 100 rúmmálseiningum vörunnar við sama hitastig;
- f) mögulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál:
fjöldi rúmmálseininga hreins vínanda við 20°C sem hægt er að framleiða við algera gerjun sykurs í 100 rúmmálseiningum vörunnar við sama hitastig;
- g) heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál:
samtala raunverulegs og mögulegs alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál;
- h) náttúrlegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál:
heildaralkóhólstyrkleiki vörunnar miðað við rúmmál áður en nokkru er bætt í hana.

4. gr.

1. Að því er varðar drykki sem eru taldir upp í þessari reglugerð skal ákveða skrá yfir leyfileg aukefni í matvælu-um, leiðbeiningar um notkun þeirra og viðkomandi vörur í samræmi við reglur tilskipunar 89/107/EBE ⁽¹⁾.
2. Heimilt er að bæta við vatni, eimuðu eða steinefnalausu, við blöndun áfengra drykkja, að því tilskildu að gæði vatnsins séu í samræmi við innlend ákvæði samþykkt vegna framkvæmda tilskipana 80/777/EBE og 80/778/EBE og vatnið sem er bætt við breyti ekki eðli drykkjarins.
3. Etanól sem er notað til að þynna eða leysa upp litarefni, bragðefni eða önnur leyfileg aukefni sem eru notuð við blöndun umræddra kryddvara verður að vera úr landbúnaði og er einungis heimilt að nota skammta sem eru nauðsynlegir til að þynna eða leysa upp litarefni, bragðefni eða önnur leyfileg aukefni.
4. Samþykkja skal nákvæmar reglur, auk aðferða við greiningu vara sem heyra undir þessa reglugerð, í samræmi við reglurnar sem eru settar í 13. gr.

5. gr.

1. Vínfræðileg vinnsla og vinnsluáðferðir sem heimilt er að nota við gerð vína og safu skulu vera í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 822/87.
2. Vinnsla fullunninna vara og hráefna annarra en þeirra

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27.

sem um getur í 1. mgr. skal ákveðin í samræmi við reglur 14. gr.

6. gr.

1. Notkun lýsinga sem um getur í 2. gr. og í þessari grein skal takmarkast við þá drykki sem eru skilgreindir þar og skal taka tillit til þeirra krafna sem eru settar fram í 2. og 4. gr. Þessar lýsingar verður að nota til að lýsa umræddum drykkjum í bandalaginu.

Drykkir sem standast ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um varðandi drykki sem eru skilgreindir í 2. gr. mega ekki bera lýsingarnar sem eiga við um þá síðarnefndu.

2. a) Heimilt er að láta landfræðilegar sérmerkingar sem eru skráðar í II. viðauka koma í stað lýsinga sem um getur í 1. mgr. eða bæta þeim við þær þannig að úr verði samsett lýsing.
- b) Þessar landfræðilegu sérmerkingar skulu teknar frá fyrir drykki sem hafa fengið eiginleika sína og sérkenni á framleiðslustigi sem fór fram á tilgreinda svæðinu, að því tilskildu að það villi ekki um fyrir neytendum.

3. Óheimilt er að nota landfræðileg heiti í vörulýsingum vína sem um getur í 1. mgr.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að beita sérstökum innlendum reglum um framleiðslu, flutninga innan aðildarríkis, lýsingu og kynningu drykkja sem um getur í II. viðauka og eru framleiddir á yfirráðasvæðum þeirra, ef reglurnar eru samrýmanlegar lögum bandalagsins.

7. gr.

1. Í vörulýsingu kryddblandaðra drykkja sem innihalda vín og bragðefni með lágmarksalkóhólstyrkleika 1,2% miðað við rúmmál og fylgja ekki ákvæðum þessarar reglugerðar er óheimilt að vísa til vara í víngeiranum.

2. Óheimilt er að markaðssetja til neyslu kryddblandaða drykki sem fylgja ekki ákvæðum þessarar reglugerðar með því að nota orð eins og „líki“, „tegund“, „gerð“, „framleiðsla“, „bragð“ eða önnur álíka með þeim lýsingum sem getið er í þessari reglugerð.

3. Eigi síðar en sex mánuðum eftir að þessi reglugerð öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið tillögu um kryddblandaða drykki sem innihalda vörur úr víngeiranum og fást með því að bæta við vínanda og heyra ekki undir þessa reglugerð.

Heimilt er að lýsinguna „wine cooler“ um þessa drykki þar til ráðið hefur tekið ákvörðun um áður nefnda tillögu.

8. gr.

1. Auk þess að samrýmast innlendum reglum sem samþykktar eru í samræmi við tilskipun 79/112/EBE skal merking, kynning og auglýsing þeirra drykkja sem um getur í 2. gr. vera samkvæmt þessari grein.
2. Vörulýsing varanna sem um getur í 2. gr. skal vera ein þeirra lýsinga sem eru fráteknaðar fyrir slíkar vörur samkvæmt 6. gr.
3. Heimilt er að bæta við lýsingarnar sem um getur í 2. gr. tilvísun í aðalbragðefnið sem er notað.
4. Ef vínandinn sem er notaður við framleiðslu drykkja sem heyra undir þessa reglugerð er unninn úr einni tegund hráefnis (til dæmis eingöngu vínandi unninn úr víni, úr melassa eða úr korni) er heimilt að tilgreina tegund vínandans á merkimiðanum.
Ef vínandinn er unninn úr ýmsum hráefnum er óheimilt að tilgreina tegund vínandans á merkimiðanum.
Etanól sem er notað við framleiðslu drykkja sem heyra undir þessa reglugerð, til þynningar eða til að leysa upp litarefni, bragðefni eða önnur leyfileg aukefni, telst ekki til hráefnis.
5. Óheimilt er að þýða landfræðilegu sérmerkingarnar sem skráðar eru í II. viðauka.
6. Veita skal upplýsingar sem kveðið er á um í þessari reglugerð á einu eða fleiri opinberum tungumálum bandalagsins þannig að neytandi geta auðveldlega skilið hvert atriði nema því aðeins að kaupendur fái þessar upplýsingar með öðrum hætti.
7. Fyrir drykki sem eru upprunnir í þriðja landi er heimilt að nota opinbert tungumál framleiðslulandsins ef þær upplýsingar sem kveðið er á um í þessari reglugerð koma einnig fram á opinberu tungumáli bandalaganna þannig að neytendur geti auðveldlega skilið hvert atriði.
8. Með fyrirvara um 11. gr. er heimilt að endurtaka upplýsingar sem kveðið er á um í þessari reglugerð á öðru tungumáli; þetta á þó ekki við um upplýsingar sem um getur í 5. mgr.
9. Ef um er að ræða drykki sem um getur í 2. gr. skal taka ákvörðun um eftirtalið í samræmi við reglur 13. gr.:
 - a) sérstök ákvæði um notkun hugtaka er vísa til sérstakra eiginleika vörunnar, svo sem til sögu hennar eða framleiðsluaðferðar;
 - b) reglur um merkingu vöru í flátum sem ekki eru ætlaðar neytendum.

9. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum bandalagsins um kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hana-

stél blönduð með kryddvínnum. Þau skulu tilnefna einn eða fleiri aðila til að hafa eftirlit með því að farið sé að þessum ákvæðum.

Ef um er að ræða vörur sem eru skráðar í II. viðauka er heimilt að ákveða, í samræmi við reglur í 13. gr., að slíkt eftirlit og verndun fari fram, að því er flutninga innan bandalagsins varðar, með verslunarskjölum sem stjórnvöld staðfesta og að haldnar séu viðeigandi skrár.

2. Koma skal á kerfi í samræmi reglur 13. gr. til þess að sannreyna skjöl og koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi og falsanir vegna drykkja sem eru skráðir í II. viðauka og fluttir út.

Þar til kerfið sem um getur í undanfarandi undirgrein verður tekið í notkun er aðildarríkjunum heimilt að nota eigið kerfi til sannprófunar standist kerfið reglur bandalagsins.

3. Ráðið skal með auknum meirihluta og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ákvæðum bandalagsins er varða kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum verði beitt á sama hátt og einkum að því er varðar eftirlit og tengsl milli þar til bærra aðila aðildarríkjanna.

4. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu veita hvert öðru upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar. Samþykkja skal nákvæmar reglur um slíkar upplýsingar og dreifingu þeirra í samræmi við reglur sem eru settar í 13. gr.

10. gr.

Innfluttir áfengir drykkir sem ætlaðir eru neytendum í bandalaginu og bera landfræðilegar sérmerkingar geta samkvæmt gagnkvæmu fyrirkomulagi fallið undir eftirlitið og verndina sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 9. gr.

Fyrsta undirgrein kemur til framkvæmda samkvæmt samkomulagi sem gert verður við hlutaðeigandi þriðju lönd samkvæmt reglum sem mælt er fyrir um í 113. gr. sáttmálans.

Samþykkja skal nákvæmar reglur og skrá yfir vörur sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við reglur sem eru settar í 14. gr.

11. gr.

Kryddvín, drykkir blandaðir með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum, sem ætluð eru til útflutnings, verða að fullnægja ákvæðum þessarar reglugerðar nema í undantekningartilvikum sem eru ákveðin í samræmi við reglur 13. gr.

12. gr.

1. Komið skal á fót framkvæmdanefnd um drykki sem heyrir undir þessa reglugerð, er nefnist hér á eftir „nefndin“, og skal hún skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Innan nefndarinnar vege atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

13. gr.

1. Þegar fylgja skal tilhögun þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu til nefndarinnar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 54 atkvæða meirihluta. Atkvæði aðildarríkjanna vege eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanir þessar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja þær fyrir ráðið. Framkvæmdastjórninni er þá heimilt að fresta því um einn mánuð að ráðstafanirnar komi til framkvæmda.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan eins mánaðar.

14. gr.

1. Þegar fylgja skal tilhögun þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu til nefndarinnar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal

skila álit sínu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með meirihluta og vege atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans ef um er að ræða ákvarðanir sem ráðið þarf að taka að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna innan nefndarinnar vege á þann hátt sem fram kemur í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

15. gr.

Nefndinni er heimilt að taka afstöðu til annarra mála sem formaðurinn vísar til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

16. gr.

1. Til þess að auðvelda breytingu frá núgildandi kerfi yfir í það sem reglugerð þessi kveður á um skal samþykkja bráðabirgðaráðstafanir í samræmi við reglurnar í 13. gr.

2. Bráðabirgðaráðstafanirnar skulu gilda að hámarki í tvö ár frá því að reglugerð þessi kemur til framkvæmda.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Hún gildir frá 17. desember 1991, að undantekinni 12. – 15. gr. sem taka gildi á sama tíma og reglugerðin. Þó er heimilt að selja drykki sem voru framleiddir og merktir fyrir þennan dag á meðan birgðir endast.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 10. júní 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Einkenni etanóls úr landbúnaði sem um getur í d-lið 3. gr.

1. Skynmatseinkenni:	Einungis bragð af hráefninu er merkjanlegt
2. Lágmarksstyrkleiki alkóhóls miðað við rúmmál:	96% miðað við rúmmál
3. Hámarks magn efnaleifa:	
— Heildarmagn sýru, mælt í grömmum ediksýru á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	1,5
— Esterar, mældir í grömmum etýlasetats á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	1,3
— Aldehyð, mælt í grömmum asetaldehýðs á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	0,5
— Hærra alkóhól, mælt í grömmum af metýl-2 própanól-1 á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	0,5
— Metanól, mælt í grömmum á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	50
— Þurrkjarnar, mældir í grömmum á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	1,5
— Rokgjarnir basar sem innihalda köfnunarefni, mældir í grömmum köfnunarefnis á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál:	0,1
— Fúrfúral	Mælist ekki

II. VIÐAUKI

Kryddblandaðir drykkir úr víni**Landfræðilegar sérmerkingar***sem um getur í 2. mgr. 6. gr.*

Nürnberg Glühwein
Vermouth de Chambéry
Vermouth di Torino